

vorið fór hann heim aftur til Flateyjar, en haustið eftir sigldi hann aftur til Hafnar og var þar þann veturn; og með lánstyrk vina sinna í Flatey keypti dekkskip, er hann sigldi til Íslands og færði eftir það í 6 ár. Lán það greiddi hann skjótlega aftur og varð einn eigandi skipsins á liðugu ári enda sat hann sjaldnast uppi er aðrir fóru á flot.

Er hann kom heim úr seinni utanferðinni, gekk hann að eiga heitmey sína Sophíu Friðriksdóttur prófasts Jónssonar af hinni svo kölluðu Reykjálíns ætt úr Skagafirði. Brúðkaup sitt hélt hann í Flatey þann 17. Okt. 1863, og bjuggu þau hjón þar í 3 ár, en fluttust þaðan á Hjarðarnes og voru þar í 20 ár, unz þau fóru til Ameríku sumarið 1886.

Búskapartíð þeirra hjóna á Íslandi var full umsýslu og starfa til velferðar í héraði og til sveitar. Eggert var hinn mesti atorkumaður til lands og sjáfar. Alls sótti hann sjó í 21 ár og þar af var hann 9 ár skiperra á eigin skipi. Fyrstur Íslendinga, nú í seinni tíð, fór hann kaupferðum til Noregs, færði þangað íslenzkar vörur og seldi í Björgvin, en hlóð útlendum varningi. Í ferðum þeim hafði hann með sér tóma Íslendinga er engir kunnu neitt til sjómiennzku því sjómanna skólinn var þá ekki kominn á Íslandi. Er sú upptaka hans á fornnum sið, ein hin merkilegasta og lýsir mæta vel hug og harðfengi hans, ásamt þeirri lofsverðu þrá að líkjast fornmönum í því er betur mátti fara.

Við hreppstjórn tók hann 1868 og hafði á hendi í seytján ár, sýslunefndarmaður var hann og frá þeim tíma unz hann flutti af landi brott. Eins og fleiri bókhnýsnir Íslendingar, lagði Eggert mjög snemma fyrir sig hömeopathiskar lækningar, og þótti hann gefast vel. Hann var skýr og reglusamur, vel að sér í dönsku máli og hafði því full not af ritverkum um það efni er á dönsku voru fáanleg, hjálpaði þá alt til þess að gjöra hann hæfari til að gegna þeim starfa öðrum framar. Tildögum að lækninga starfi sínu lýsti hann á þessa leið, í bréfi til kunningja síns nú fyrir skömmum tíma. Má á þeim kafla sjá, að hann getur líka verið spaugsamur, þegar því er að skifta, þótt gamall sé: „Árið 1872 fékk Sophía sál. slag og lá í rúminu í 5 ár.